

Aldur og kjör sjálfstætt starfandi sérfræðilækna

Kristján Guðmundsson

háls-, nef- og eyrnalæknir,
formaður samninganefndar LR



kristjang@centrum.is

Gera má ráð fyrir að hver Íslendingur hitti lækni 5 sinnum á ári. Þetta eru svonefndar klínískar heimsóknir (myndgreininga- og rannsóknþjónusta undanskilin) í heilsugæslu, sérfræðiþjónustu og á göngudeildum sjúkrahúsa, þar með talið læknavaktir og bráðamóttökur. Um 30% þessara heimsókna er sinnt af svokölluðum sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum. Sú starfsemi hefur líka verið kölluð „opinn krani“. Frá apríl 2011 hafa engir samningar verið í gildi milli Læknafélags Reykjavíkur og Sjúkratrygginga Íslands og á þeim tíma hafa engar „bremsur“ verið á starfseminni, engir kvótar, afslættir eða takmarkanir á gjaldliðanotkun. Fjöldi heimsókna og heildarvelta hefur þó verið nánast óbreytt árin 2010, 2011 og 2012, þó hefur tiltölulega dýrum verkum fjölgað undanfarið, meðal annars með lokun St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

Sá hópur sem sinnir sérfræðilækningum á stofu telur um 340 lækna og hefur staðið nánast óbreyttur árum saman. Af þessum hópi er áætlað að um 140 lækna starfi einöngu utan sjúkrahúsa en um 200 lækna séu líka í hlutastarfi á sjúkrahúsi.

Undirritaður skoðaði nýlega aldurssamsetningu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna árin 2007 og 2012. Meðalaldur þessa hóps hefur hækkað um 5 ár á þessum tíma, sem þýðir á mannamáli að þar hefur engin endurnýjun átt sér stað. Ef litið er til svokallaðra verkeininga og skoðað hvernig þær skiptast eftir aldri sérfræðinga, kemur í ljós að árið 2012 var 33% starfseminnar sinnt af læknum 60 ára og eldri en 2007 var þetta hlutfall aðeins 19%. Sama er að gerast á hinum endanum. Árið 2007 voru 42% starfseminnar á hendi lækna 49 ára og yngri en þetta hlutfall er dottið niður í 25% árið 2012. Í töflu I má sjá skiptingu verkeininga eftir aldursflokkum árin 2007 og 2012. Samkvæmt upplýsingum frá Læknafélagi Íslands hafa mál þróast á svipaðan veg annars staðar. Þannig hefur meðalaldur heilsugæslulækna farið úr 50 árum í 54 og sjúkrahúslækna úr 49 í 52 ár, reyndar frá 2007 til 2013. Þessi þróun er afleit, hvernig sem á hana er litið. Ekki skal gert lítið úr starfi reyndra lækna, en þegar nýliðunin er svona léleg verður að bregðast við. Við vitum að sérfræðiþjónustan hérlendis er mun ódýrari en sama þjónusta í nágrannalöndunum, löndunum þar sem ungir lækna stunda sitt sérnám. Þar bjóðast þeim miklu betri kjör, ekki bara á sjúkrastofnunum heldur einnig í einkarekstri.

Svo lengi sem elstu menn muna hefur aðgengi ungra sérfræðilækna að samningi við Sjúkratryggingar, áður Tryggingastofnun, verið opið eða því sem næst. Læknasamtökin hafa reynt að standa vörð um þetta ákvæði gegnum tíðina enda talið skipta miklu fyrir heimkomu lækna erlend-

is frá. Þeir hafa þá getað starfað á stofu og jafnframt verið í hlutastarfi á stofnun. Þessi hópur sem nú telur um 200 lækna á nokkuð undir högg að sækja. Kjarasamningar eru með þeim hætti að lækna í hlutastarfi á sjúkrahúsi eru á lægra tímakaupi en lækna í fullu starfi vegna svokallaðs helgunarálags og munar þá oft tugum prósentu. Svona hefur þetta verið í á annan áratug og er farið að torvela mönnun á hlutastöðum. Svipuðu máli gegnir um laun yngstu lækna, þau eru nú satt best að segja býsna lág miðað við námslengd og gera það meðal annars að verkum að ungir lækna koma sér nú sem fyrst úr landi. Þegar vandi steðjar að heilbrigðiskerfinu er erfiðara að leysa hann með vitlaust gefið frá byrjun.

Tafla I.

Aldur	% af heildareiningum	
	2007	2012
<40	5,21	0,91
40-44	9,93	11,80
45-49	27,07	11,91
50-54	17,33	26,34
55-59	21,77	15,83
60-64	10,31	19,15
65-69	5,71	9,09
70+	2,68	4,79

Age and earnings of specialists

Kristján Guðmundsson ENT-specialist, Medical Clinic,
Álfheimum 74, Reykjavík

Chairman, ambulatory services reimbursement committee